



Reykjavík, 15.september 2026


USK26090049

Umsókn um framkvæmdaleyfi – Göngu og hjólaþverun yfir Laugarnes.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15.september 2026 var lögð fram umsókn Betri samgangna um framkvæmdaleyfi. Til standur að útfæra tvöfalda þverun yfir Laugarnestanga þannig að gangandi hafi sér þverun og hjólandi hafa sér þverun, en þær liggja þétt upp við hvort aðra.



Aðalskipulag Reykjavíkur



Laugarnes deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er svæðið skilgreint sem opið svæði OP9. Stofnstígur er skilgreindur norðan við Sæbraut þar sem núverandi stígur liggur.


Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Laugarnes samþykkt í borgarráði Reykjavíkur 12. september 1999. Í deiliskipulaginu er skilgreindur 3.m göngustígur norðan við Sæbraut beggja vegna gatnamótanna sem um ræðir.

Umsögn

Framkvæmdin felst í að útfæra tvöfalda þverun yfir Laugarnestanga þannig að gangandi hafi sér þverun og hjólandi hafa sér þverun, en þær liggja þétt upp við hvort aðra. Með þessu móti myndast öruggari þverun þar sem ólíkir vegfarendahópar hafa sinn stað til að þvera Laugarnestanga.



Reykjavík




Helstu verkþættir eru:

- Hellulögn, malbikun og yfirborðsmerkingar.
- Gert er ráð fyrir jarðvegsskiptum á um 45 m kafla vestan Laugarnestanga og á um 30 m kafla austan við þverunina.
- Samhliða jarðvegsskiptum verða gerðar tvær grjótpúkksgryfjur til að taka við yfirborðsvatni.
- Smávægileg hliðrun á köntum við Laugarnestanga og jarðvegsskipti vegna hliðrunar.

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar. Um er að ræða framkvæmdir við öryggisaðgerðir á gatnamótum Sæbrautar og Laugarnestanga. Framkvæmdin telst umfangsmikil, breytir að einhverju leyti ásýnd umhverfisins og er innan friðlýsts svæðis.

Stór hluti Laugarnestanga var friðlýstur sem búsetu- og menningarlandslag í upphafi þessa árs. Innan friðlýsta svæðisins má ekki ráðast í framkvæmdir án leyfis Minjastofnunar Íslands.





Framkvæmdin er afmörkuð við gatnamót Sæbrautar og Laugarnestanga og aðliggjandi göngu- og hjólaleiðir. Leitast skal við að halda röskun á umferð og aðgengi í lágmarki meðan á framkvæmdum stendur. Ef nauðsynlegt reynist að loka tímabundið göngu- eða hjólaleiðum skulu viðeigandi varúðarráðstafanir gerðar og tryggðar öruggar hjáleir fyrir vegfarendur. Framkvæmdaraðili skal fara eftir gildandi reglum og leiðbeiningum um vinnusvæði, merkingar, öryggisráðstafanir og umgengni á framkvæmdasvæðinu.

Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á að viðhalda öryggi á vinnusvæði og tryggja að aðgengi að nærliggjandi svæðum skerðist sem minnst á framkvæmdatíma. Ekki er heimilt að stafla efni eða búnaði þannig að það valdi sjónhindrunum, umferðaröryggi eða öðrum óþægindum fyrir vegfarendur.

Framkvæmdaleyfishafi skal afla allra nauðsynlegra leyfa og eftir atvikum samráðs við viðeigandi rekstraraðila veitukerfa og aðra hagaðila áður en framkvæmdir hefjast.

Niðurstaða

Fyrirhuguð framkvæmd í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og markmið þess að eflingu virkra ferðamáta og aukið umferðaröryggi. Framkvæmdin felur í sér endurbætur á núverandi innviðum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og er ekki talin fela í sér verulegt frávík frá gildandi deiliskipulagi.

Bent á að framkvæmdarsvæðið er innan friðlýsts svæðis og er framkvæmdin því háð leyfi Minjastofnunar Íslands samkvæmt lögum um menningarminjar. Með hliðsjón af framangreindu er fallist á að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni, með fyrirvara um fyrir liggi leyfi Minjastofnunar Íslands.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Helga Rún Guðmundsdóttir
verkefnastjóri



Reykjavík